

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2015.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið, að tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2015 skuli fjöldi vetrarfóðraðs sauðfjár vera að lágmarki 0,7 á hvert ærgildi greiðslumarks á lögbyli. Ákvörðun þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2015. Til að meta hvort skilyrði um lágmarksfjölda vetrarfóðraðs sauðfjár séu uppfyllt skal byggt á haustskýrslum sem sauðfjáreigendur senda Matvælastofnun og þeim upplýsingum sem stofnunin aflar með eftirliti skv. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. september 2014.

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2014